

Fundur í Húsnefnd Végarðs, 20.03 2020, kl. 11:00

Mætt: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnar Jónsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Hörður Guðmundsson húsvörður. Sveinn Þórarinnsson byggingar-og skipulagsfulltrúi var tengdur í síma og Lárus Heiðarsson kom einnig á línuna og svaraði spurningum fundarmanna.

1. Viðarperlukynding í Végarði

Húsnefnd telur ýmsum spurningum ósvarað um verkefnið, en er fyrir sitt leyti ekki andvíg því að af verkefninu verði, ákveði sveitarstjórn að Fljótsdalshreppur verði þátttakandi í tilraunaverkefni með Tandraberg , þ.e.a.s. að í umsókn til Orkusjóðs verði sótt um styrk til að koma upp viðarperlukyndingu í Végarði.

Sveinn og Lárus viku af fundi.

2. Framkvæmdir

Gólf á sviði hefur verið endurnýjað, bætt var inn gólfbitum, klætt með gólfplötum og svo parketlagt. Veggir voru málaðir.

Álklæðningarplötur og uppsetningarkerfi fyrir utanhúsklæðningu hefur verið keypt og er komið austur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:05

Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Hörður Guðmundsson (sign)